

Fimmtudaginn 18. apríl 1996.

Nr. 54/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Ásgeiri Þór Ásgeirssyni

(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

Ómerking héraðsdóms. Heimvísun. Játningarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun með stefnu 29. janúar 1996. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði leitar endurskoðunar á héraðsdómi samkvæmt a-, b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst þess aðallega, að refsing sín verði látin falla niður, til vara, að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið, en til þrautavara, að refsingin verði milduð verulega og verði eftir sem áður skilorðsbundin. Þá krefst ákærði þess aðallega, að skaðabótakröfu Borgþórs Vignissonar á hendur sér verði vísað frá héraðsdómi, en til vara sýknu af henni.

Með ákæru í málinu 10. október 1995 er ákærða gefin að sök líkamsárás á Borgþór Vignisson á dansleik á Hótel Selfossi aðfaranótt 15. október 1994. Er verknaði ákærða lýst þar á þann veg, að hann hafi slegið Borgþór í andlit með þeim afleiðingum, að Borgþór hafi hlotið nánar tilgreindar bólgur, sár, mar og skurði á og í nefi og hægri auga svo og á enni, augnalokum og svæðinu í nánd við augað. Að auki hafi vinstri framtönn Borgþórs brotnað við árásina. Í ákæru er þessi háttsemi ákærða talin varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Á dómþingi í héraði 28. nóvember 1995 var meðal annars fært til bókar eftir ákærða, að hann játi „sök í málinu, það er að segja, hann kveðst játa að hafa slegið Borgþór Vignisson . . . , eins og fram komi í ákæru ríkissaksóknara. Ákærði vill hins vegar, að það komi skýrt fram, að Borgþór hafi átt upptökin með því að slá til sín að

fyrri bragði, og lítur ákærði svo á, að hann hafi verið að verja sig með því að slá Borgþór . . . Til nánari skýringar segir ákærði, að hann hafi verið ofsahræddur, og viðbrögð sín hafi því verið þau, sem í ákæru sé lýst. Ítrekað bendir ákærði á, að Borgþór hafi verið búinn að áreita sig fyrr um kvöldið, og telur hann sig hafa verið að verja sjálfan sig með því að slá hann og um sjálfsvörn hafi verið að ræða“. Í framhaldi af þessu er lýsing áverka í ákæru skráð efnislega í þingbók og tekið fram, að ákærði viðurkenni, að hann hafi gerst sekur um líkamsárás á Borgþór með þeim afleiðingum. Segir þar síðan: „Ákærði tekur að lokum fram, að þegar hann viðurkenni, að þetta séu afleiðingar af því, að hann sló Borgþór Vignisson, þá eigi hann við, að hann telji verulegar líkur á, að afleiðingarnar séu þær, sem í ákæru greinir og að ofan hefur verið frá greint.“

Eftir þessa skýrslugjöf ákærða greindi héraðsdómari frá því, að hann liti svo á framburð hans, að fullnægt væri skilyrðum til að fara með málið eftir 125. gr. laga nr. 19/1991. Ákærandi og verjandi andmæltu ekki þeirri skoðun dómarans, og var málið tekið til dóms, eftir að þeir höfðu tjáð sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Í þeim framburði ákærða fyrir héraðsdómi, sem að framan greinir, bar hann fyrir sig atvik varðandi aðdraganda árásar sinnar á Borgþór Vignisson, sem geta, ef rétt væru, skipt máli um beitingu ákvæða almennra hegningarlaga um ákvörðun refsingar, sbr. einkum 70. gr. og 74. gr. laganna, svo og 3. mgr. 218. gr. a laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981. Þá gerði ákærði fyrirvara í framburði sínum um afleiðingar árásarinnar, sem honum voru ekki kunnar að eigin raun. Um nokkur atriði í þeim efnum liggja ekki fyrir í málinu viðunandi gögn, einkum að því er varðar brot á tönn, sem hermt er í ákæru, að árásin hafi leitt til, en sönnun um þá afleiðingu árásarinnar getur varðað miklu um heimfærslu brots ákærða til refsíákvæða.

Eins og fyrr segir, játaði ákærði fyrir héraðsdómi að hafa slegið Borgþór Vignisson, svo sem í ákæru greinir. Framburður hans um önnur atriði málsins var hins vegar ekki með þeim hætti, að héraðsdómari hafi með réttu mátt líta svo á, að í framburðinum fælist skýlaus játning ákærða á sakargiftum í þeim skilningi, sem um ræðir í 125. gr. laga nr. 19/1991. Var því ekki fullnægt skilyrðum þess lagaákvæðis til að taka málið til dóms án frekari gagnaöflunar.

Af þessum sökum verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn

áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til aðalmeðferðar og dómsuppkvaðningar að nýju. Samkvæmt því verður allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað heim í hérað til aðalmeðferðar.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Sigurðar Sigurjónssonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur, og skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Kristjánssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.
